

Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Vatnsveitu í Hveragerðisbæ nr. 118/2011

1. gr.

3. gr gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir vatnsgjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast Vatnsveitu Hveragerðis sbr. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.. Vatnsgjaldið, ásamt öðrum tekjum vatnsveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,02% af fasteignamati fasteigna í A-flokki.
Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,17% af fasteignamati fasteigna í B og C flokki.

2. gr.

4. gr gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald fyrir vatn sem er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, sbr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjaldið er miðað við notkun mælda í rúmmetrum.

Notkunargjald í Hveragerði er kr. 13 pr. rúmmetra vatns.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu auk þess greiða leigu sem innheimt er árlega vegna notkunarmæla. Mælaleiga er:

Mælaleiga minni en 50 mm kr. 7.600
Mælaleiga stærri en 50 mm kr. 30.100

3. gr.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 12. desember 2019, sbr. 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og öðlast þegar gildi.

Hveragerði 13. desember 2019

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri

